

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 10. apríl 1968 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968, útgefið í dag.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. marz 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 41.

1. marz 1968.

REGLUGERÐ

um gjöld af innlendum tollvörutegundum.

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem gjald ber að greiða af til ríkissjóðs, nema leyfi hafi áður verið fengið hjá tollyfirvaldi, þar sem framleiðslan á að fara fram.

Slíkt leyfisbréf má því aðeins láta af hendi, að umsækjandi:

1. Sé íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hér á landi, þegar leyfisbréfið er veitt og hafi verið það síðasta árið.
2. Sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.
3. Hafi ekki með dómi verið sviptur rétti til atvinnurekstrar.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Nú hættir leyfishafi að fullnægja framangreindum skilyrðum samkvæmt tölu- liðum 1 til 3 og fellur þá niður réttur hans samkvæmt leyfisbréfinu.

2. gr.

Af vörum sem búnar eru til hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykurvörur og lakkrís.

Gjaldskrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald skv. l. nr. 60/1939 og l. nr. 4/1960 aurar	Vörumagnsgjald með álagi skv. heimild í l. nr. 1/1968 eins og heimild sú hefur verið notuð kr.
1.	Marzipan, sykrað	1 kg	630	41.58
2.	Brjóstsýkur	—	630	41.58
3.	Munngúm (tyggigúmmí)	—	630	41.59
4.	Töggur (karamellur)	—	630	41.58
5.	Sykraðir ávextir	—	630	41.58
6.	Önnur sætindi	—	630	41.58
7.	Lakkrís og lakkrísvörur	—	630	41.58